

Umhverfisstofnun
Skipulagsstofnun
Sigmar Arnar Steingrímsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun
Áb. _____
22. nóv. 2013 8.12.0
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 21. nóvember 2013
Tilvísun: UST20131100036/abg

Efni: Fyrirhugaðar fiskeldisframkvæmdir á Önundarfirði

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 5. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 3. viðauka í lögum nr. 106/2000 m.s.b. og 11. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum. Með ofangreindu erindi Skipulagsstofnunar barst tilkynningarskýrsla ÍS 47 hf um fyrirhugað eldi og skýrslur náttúrustofu Vestfjarða (NAVE) um straummælingar og botndýraathuganir í Önundarfirði.

Áhrifasvæði fiskeldis

Fram kemur í greinargerð að núverandi og áformuð áhrifasvæði fiskeldis eru á Önundarfirði í sveitarfélagi Ísafjarðarbæjar. Fyrirhugaðar staðsetningar fiskeldisins eru þrjár og allar utan við 200 metra frá stórstraumsfjöruborði. Tilgangurinn með þremur staðsetningum er sá að alltaf verði ein staðsetning í hvíld hverju sinni.

Eldistegundir, aðferðir og áætlun

Ráðgert er samkvæmt skýrslu að notast við tvær eldistegundir í sjókvíaeldinu. Annars vegar þorsk og hins vegar regnbogasilung. Ólíklegt er að heildarslátrun á þorski fari yfir 300 tonn árlega. Allur þorskur verður fóðraður á heilum frosnum fiski. Í eldinu verður eingöngu notast við sjógenginn regnbogasilung sem tímgastr ekki í náttúrulegu umhverfi á Íslandi. Regnbogasilungur verður fóðraður á þurrfóðri og er ráðgert að nota myndavél við fóðrunina. Samkvæmt töflu á bls 11 er áætlað að framleiðsla beggja eldistegunda verði um 1170 tonn árið 2018.

Slátrun, vinnsla og úrgangur.

Allur áframeldisþorskur verður blóðgaður beint í lokuð krapakör sem er svo fluttur í land til frekari vinnslu eða á fiskmarkað. Regnbogasilungur verður fluttur lifandi að landi þar sem honum verður slátrað. Fram kemur að öllum fiskúrgangi og sjálfdaudum fiski verði komið fyrir í lokuðum fiskikörum og færður til förgunar til Gámapjónustu Vestfjarða.

Staðhættir og straumar

Í skýrslu framkvæmdaraðila kemur fram að Önundarfjörður er tiltölulega stór fjörður um 14

km á lengd og á milli 2-6 km breiður með heildarflatarmál í kringum 50 km². Fjörðurinn er frekar grunnur og er dýpi á milli 20-30 metrar. Fjörðurinn telst opinn og engan þröskuld er að finna í mynni hans.

Náttúrustofa Vestfjarða hefur að beiðni framkvæmdaraðila mælt strauma á núverandi eldissvæði á tímabilinu 10.júlí til 4. ágúst 2013. Meðalstraumur yfir tímabilið var 6,1 cm/sek og mældist mesti hraði vera 38,7 cm/sek. Mælingar fóru fram út af Mosdal og það er ekkert í landslagi sem gæti haft mikil áhrif á megin stefnu straumsins. Umhverfisstofnun bendir á að fram kemur í greinargerð framkvæmdaraðila að fyrirhuguð eldissvæði utar í Önundarfirði hafa ekki verið straummæld. Fram kemur þó í greinargerð að allar líkur bendi til þess að straumar á þeim svæðum séu ekki lakari en á núverandi eldissvæði.

Lífriki og botndýrarannsóknir

Fram kemur í greinargerð að fiskveiðar hafi verið stundaðar í firðinum en veiði sé farið að hraka. Ekki er um að ræða rækju eða uppsjárveiðar. Afar hæpið sé að telja Önundarfjörð mikilvægan varðandi veiðar á nytjafiski. Umhverfisstofnun bendir á að ekkert er minnst á það í greinargerð hvort um sé að ræða mikilvæg hrygningarsvæði í firðinum en æskilegt hefði verið að slíkar upplýsingar lægju fyrir.

Í greinargerð kemur fram að rannsóknir hafa verið gerðar á botndýrum við núverandi eldissvæði í Önundarfirði árið 2011 eða um það leiti sem framkvæmdaraðili hóf þorskelði á svæðinu. Enga sérstaka lykt var að finna af botnsýnunum og var fjölbreytileiki botndýrafánu metinn sambærilegur við aðra mælingastaði á Vestfjörðum. Þessar rannsóknir er hægt að nýta til að lýsa grunnástandi á sjávarbotninum.

Í greinargerð kemur fram að samkvæmt LENKA viðtakamatinu þá megi meta burðarþol Önundarfjarðar á milli 2000 - 4500 tonn. ÍS 47 hyggst brjóta eldissvæðið upp í innra og ytra svæði og rótera kvíum á milli þessara tveggja svæða á eldistíma til að minnka áhrif vegna uppsöfnunar úrgangs. Svæðið verði svo vaktað til að koma í veg fyrir óæskileg áhrif á lífríki


Eldissvæði í Önundarfirði


Fram kemur í greinargerð að þremur fyrirtækjum hafi verið úthlutað smærri rekstrarleyfum í firðinum. Ekki kemur fram hvort að þau fyrirtæki séu nú þegar að nýta sín leyfi.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur að teknu tilliti til þeirra gagna sem liggja fyrir hvað varðar strauma, stærð eldis, aðstæður á eldissvæði, botndýralíf og þær aðgerðir sem framkvæmdaraðili nefnir í greinargerð til að draga úr líkum á uppsöfnun lífrænna efna á sjávarbotni, ekki líkur á því að framkvæmdin komi til með að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Stofnunin minnir á að framkvæmdaraðili þarf að sækja um starfsleyfi til Umhverfisstofnunar fyrir framkvæmdinni í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Virðingarfyllt


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri


Björn Stefánsson
sérfræðingur